

## Norðurorka

Afhending 2018/38

Norðurorka er orku- og veitufyrirtæki á Akureyri sem var stofnað árið 2000 þegar Hita- og Vatnsveita Akureyrar og Rafveita Akureyrar sameinuðust. 1. janúar 2014 tók Norðurorka einnig yfir rekstur fráveitu á Akureyri.

Meginhlutverk Norðurorku er að þjónusta heimili og atvinnulíf á Akureyri og nágrenni, með vinnslu og dreifingu á heitu vatni, neysluvatni og dreifingu á raforku, sem og rekstur og uppbyggingu fráveitu. Einnig að taka þátt í starfsemi sem nýtt getur auðlindir á svæðinu og nýta rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins til eflingar í samfélaginu.

Norðurorka varð hlutafélag árið 2003 með sérstakri lagasetningu frá Alþingi. Fram að því hafði ákvörðunarvald um málefni félagsins legið hjá bæjarstjórn Akureyrar, en allar ákvarðanir veitustjórnar, eins og stjórn félagsins hét þá, kröfðust staðfestingar bæjarstjórnar. Frá 1. janúar 2003 fékk stjórn fyrirtækisins endanlegt ákvörðunarvald. Sex hluthafar eru í Norðurorku hf. en Akureyrarbær er langstærstur þeirra.

Afhendingin barst frá Önnu Maríu Sigurðardóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2007/32, 2013/85, 2015/3, 2016/4 og 2016/31.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
16. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Norðurorka</b>			<b>2018 / 38</b>
<b>I-Vatnsveita Akureyrar</b>			
<b>IA-Almennt</b>		<b>1917 - 1917</b>	
2018 - IA/5	1	1917- 1917	Endurskoðuð reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað um niðurföfnun og innheimt vatnsskatts, notkun vatns úr bæjarvatnsveitunni, meðferð á vatnsæðum o.fl.